



FJÖLBRAUTASKÓLI  
VESTURLANDS

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1017  
komudagur 20.12.2010

Til nefndasviðs Alþingis

Akranesi 17. desember 2010


**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um heimspeki sem skyldufag í grunn- og framhaldsskólum**

Ágæti viðtakandi

Samkvæmt 23. grein laga um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er það verkefni skóla að setja sér námsbrautarlýsingar. Ég tel mikilvægt að skólar haldi því forræði í námskrármálum sem þessi lagagrein gefur fyrirheit um.

Aðalnámskrá setur almenn markmið sem meðal annars skylda skóla til að haga kennslu svo að mannréttindum, lýðræði og siðferðilegu uppeldi sé gert hátt undir höfði. En það er í samræmi við anda laganna frá 2008 að skólar ákveði hver fyrir sig hvort þessum markmiðum skuli náð með heimspekikennslu eða eftir öðrum leiðum.

Með bestu kveðjum



Hörður Ó. Helgason, skólameistari